

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Helli 1977-1998, íbúðarsvæði við Laufskála, Rangárvallahreppi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Helli 1977-1998 frá 2. febrúar 1980.

Breytingin felst í því að opið svæði/landbúnaðarsvæði til móts við Laufskála 9-15 verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárvallahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*